Hagfræðideild Landsbankans
21. apríl 2017

Ferðaþjónustan ber uppi fjölgun starfa

Meðalfjöldi launþega hér á landi var rúm 180 þúsund á síðasta ári og fjölgaði þeim um 8.500, eða um 5%, frá fyrra ári. Þetta er umtalsvert meiri fjölgun starfa hlutfallslega séð en verið hefur síðustu ár. Þannig fjölgaði launþegum á bilinu 1,1-3% á árunum 2011-2015 og kom sú fjölgun í kjölfar fækkunar árin 2009 og 2010 en árið 2009 fækkaði launþegum um 8,8%. Þessi mikla fjölgun á síðasta ári helst að talsverðu leyti í hendur við hagþróunina en umtalsvert meiri hagvöxtur mældist á síðasta ári en árin á undan. Þannig nam hagvöxturinn 7,2% á síðasta ári borið saman við meðalhagvöxt upp á 2,7% á árunum 2011-2015.



Heimild: Hagstofa Íslands

Ferðaþjónustan skýrir tæplega helming fjölgunar starfa

Um 44% af fjölgun launþega á síðasta ári skýrist af fjölgun starfa í greinum sem snúa að íslenskri ferðaþjónustu. Alls fjölgaði störfum í ferðaþjónustugreinum um tæplega 3.800 og var fjölgunin 18,5% milli ára. Árið 2011 hófst uppsveiflan í ferðaþjónustu og hefur störfum í greininni fjölgað um tæplega 12 þúsund frá árinu 2010 sem er tæplega tvöföldun starfa í greininni. Á sama tíma hefur heildarfjöldi starfa í atvinnulífinu vaxið um 26 þúsund og skýrir fjölgun starfa í ferðaþjónustu því 46% af heildarfjölgun starfa í atvinnulífinu í heild á tímabilinu.



Sýnir vægi ferðaþjónustu í aukningu hvers árs
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Byggingarstarfsemi og verslun lögðu einnig lóð á vogarskálarnar

Aðrar greinar sem einnig lögðu umtalsvert af mörkum til fjölgunar starfa á síðasta ári eru t.d. byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð annars vegar og heild- og smásala hins vegar. Störfum í byggingarstarfsemi fjölgaði um tæplega 1.500 á síðasta ári sem gerir um 17,4% af heildarfjölgun starfa í atvinnulífinu á síðasta ári. Hlutfallsleg fjölgun starfa í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð var 16,5% á síðasta ári. Mesta fjölgunin var í störfum sem tengjast þróun byggingarverkefna en þar nam fjölgunin 942. Fjölgun í sérhæfðri byggingarstarfsemi nam 475 en minnst var fjölgunin í mannvirkjagerð, einungis 50



Heimild: Hagstofa Íslands

talsins. Hlutfallslega séð var fjölgunin mest í þróun byggingarverkefna en þar nam hún 23%. Fjölgunin var umtalsvert minni í bæði mannvirkjagerð og sérhæfðri byggingarstarfsemi en þar lá hún á bilinu 10,3-10,8%. Eftir að störfum hóf að fjölga á ný í byggingarstarfsemi árið 2013 hefur fjölgunin verið mest í þróun byggingarverkefna (64%) en minni í mannvirkjagerð (39%) og sérhæfðri byggingarstarfsemi (31%).

Þrátt fyrir töluverða fjölgun í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð á síðustu árum var fjöldi starfandi í greininni á síðasta ári einungis 67% af fjölda starfandi árið 2008. Þessi grein var sú sem varð langverst úti í hruninu en fjöldi starfandi dróst saman um helming milli áranna 2008 og 2010.

Störfum fjölgaði um rúmlega 1.000 í heild- og smásöluverslun

Fjölgun starfa í heild- og smásöluverslun nam rúmum 1.000 sem gerir 12% af heildarfjölgun starfa á síðasta ári. Greinin var þó mannmörg fyrir og var fjöldi starfa í henni því ekki að vaxa hlutfallslega mikið milli ára. Þannig nam fjöldi starfandi í greininni um 23 þúsund manns og jókst um 4,6% milli ára eða litlu lægra en sem nam heildarfjölgun starfandi í hagkerfinu. Sé horft aftur til síðustu ára var hlutfallsleg fjölgun í heild- og smásölu töluvert mikil á síðasta ári. Þannig var vöxturinn á bilinu 1,1-2,3% á tímabilinu 2011 til 2015. Sá vöxtur hefur þó fremur verið borinn uppi af fjölgun í smásöluverslun en heildsölu. Það skýrist að megninu til af því að umtalsvert fleiri starfa í smásölu en heildsölu. Hlutfallsleg fjölgun starfa hefur þó verið ögn meiri í smásölu en heildsölu. Þannig nam meðalfjölgun starfa 2,5% á tímabilinu 2011-2016 í smásölu en 1,9% í heildsölu.

Saman skýra ferðaþjónustan, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð auk heild- og smásöluverslunar um 3 af hverjum 4 störfum sem urðu til í atvinnulífinu á síðasta ári. Sé litið aftur til ársins 2012 hafa þessar þrjár greinar skapað rúmlega tvö af hverjum þremur störfum sem orðið hafa til í hagkerfinu.

Fjöldi starfa hjá hinu opinbera dregst saman

Það er athyglisvert að sjá að í þeirri miklu starfafjölgun sem varð á síðasta ári dróst fjöldi starfa hjá hinu opinbera saman um 8 stöðugildi. Árið í fyrra var það fyrsta í fjögur ár þar sem launþegum

Fjölgun í heild- og smásöluverslun og framlag undirliða



Heimild: Hagstofa Íslands

Fjölgun starfa og framlag undirliða



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

hjá hinu opinbera fækkar milli ára. Fækkunin skýrist af fækkun í fræðslustarfsemi og opinberri stjórnsýslu en þar fækkaði störfum um 267 eða um sem nemur 0,6%. Störfum í heilbrigðis- og umönnunarþjónustu fjölgaði hins vegar um 258 eða 1,7%. Þetta er annað árið í röð þar sem störfum fækkar í fræðslustarfsemi og opinberri stjórnsýslu milli ára en fjórða árið í röð þar sem störfum í heilbrigðis- og umönnunarþjónustu fjölgar. Útfrá hagstjórnarlegu sjónarmiði er æskilegt að eftirspurn hins opinbera eftir vinnuafli sé sem minnst þegar uppsveifla ríkir líkt og nú. Það dregur úr spennu á vinnumarkaði sem hefur bein áhrif á launaþróun og atvinnustig og þar með á heildareftirspurn í hagkerfinu.



Heimild: Hagstofa Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.